

Fundur í Íþrótt- og tómsbundanefnd haldinn 17. september 2013 kl. 20 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mættir: Kristín Heimisdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir og Vilborg Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð. Ólafur Steinarsson, sveitarstjóri kom á fundinn í stutta stund.

1. Erindi frá UMFL

a. Rekstur félagsmiðstöðvarinnar Svarthols

ÍTN þakkar UMFL gott starf vegna félagsmiðstöðvarinnar.

Nefndin er sammála um að þörf er á og einskær vilji til halda rekstrinum áfram með svipuðu sniði og óskar nefndin eftir að sama framlagi verði varið í reksturinn og gert var sl. vetur.

Nefndarmenn munu kynna sér á næstu dögum reglur og lög félagsmiðstöðva. Farið verður í þá vinnu strax að gera starfslýsingu fyrir starfsmann félagsmiðstöðvarinnar í samstarfi við sveitarstjóra.

Ákveðið er að ræða við þann starfsmann sem sinni félagsmiðstöðinni á vegum UMFL á síðasta starfsári og kanna hans afstöðu til áframhaldandi starfa undir stjórn ÍTN. Verður hann boðaður á fund ÍTN á næstu dögum.

b. Íþróttaaðstaða utanhúss

ÍTN fagnar auknum áhuga ungmenna á frjálsum íþróttum. Kortleggja þarf hvað þarf að gera utanhúss til að aðstaðan væri viðunandi fyrir íþróttaiðkun. Leggjum til að UMFL stýri þeirri vinnu og komi til fundar við ÍTN þar sem farið væri yfir þau atriði og þeim forgangsraðað. Gott væri að hefja þá vinnu sem fyrst til að hægt væri að koma þessum atriðum inn á kostnaðaráætlun um viðhald íþróttamannvirkja Langanesbyggðar fyrir árið 2014.

2. Erindi frá sveitarstjórn frá því 25. febrúar 2013: Bréf frá UMFÍ vegna Landsmóta á þeirra vegum.

Nefndin leggur til að Langanesbyggð styðji við HSP ef svo kemur til að þau sækir um að halda mót á sínu starfssvæði.

3. Rekstur íþróttahúss

Að frumkvæði sveitarstjóra var rekstur íþróttahússins ræddur.

Nefndin tekur undir orð sveitarstjóra að mynduð verði stjórn íþróttahússins. Leggur hún til að með leyfi sveitarstjórnar muni ÍTN ásamt sveitarstjóra fara í þá vinnu og mynda stjórn og gera starfsreglur fyrir hana.

Í stjórninni myndu sitja Íþrótt- og tómsbundanefnd Langanesbyggðar, fulltrúi Íþrótt- og tómsbundanefndar frá Svalbarðshrepp, fulltrúi frá UMFL, fulltrúi frá grenndarsamfélaginu og sveitarstjóri.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 22.00